

16.12.2011
Tilvísun: **20111090014**

Í lið 4.6 í 11. gr. reglugerðar nr. 511. um framkvæmd raforkulaga m.s.br. segir:

4.6. Eftirlit með álagi flutningskerfisins. Ef um umfangsmikla rekstrartruflun er að ræða skal flutningsfyrirtækið senda Orkustofnun skýrslu um atvikið innan 14 daga frá því hún var lagfærð. Orkustofnun skal skilgreina hvað telst umfangsmikil rekstrartruflun í þessu sambandi.

Ennfremur segir í lið 2.6 í 22. gr. sömu reglugerðar:

2.6. Eftirlit með álagi dreifikerfisins. Ef um umfangsmikla rekstrartruflun er að ræða skal dreifiveita senda Orkustofnun skýrslu um atvikið innan 14 daga frá því hún var lagfærð. Orkustofnun skal skilgreina hvað telst umfangsmikil rekstrartruflun í þessu sambandi.

Skilgreining Orkustofnunar á umfangsmikilli rekstrartruflun er þannig:

Rekstrartruflun er umfangsmikil fari kerfismínútur truflunar, skv. skilgreiningu í handbók starfshóps um rekstrartruflanir, yfir 10 mínútur. Kerfismínútur eru reiknaðar út frá jöfnunni:

$$KM = E / P_{\max} * 60 \text{ [mínútur]}$$

Þar sem:

KM: kerfismínútur, þ.e. orkuskerðing sem hlutfall af hámarksafl veitu [mínútur]

E: orkuskerðing í truflun [MWh]

P_{\max} : hámarksálag ársins á veitukerfi viðkomandi veitufyrirtæki [MW]

Þó skal tilkynna Orkustofnun um rekstrartruflun hjá notanda ef skerðing á afhendingu raforku stendur lengur en 72 klst., þótt kerfismínútur truflunar sé undir 10 mínútum. Undanskildar skulu þó þær rekstartruflanir sem dreifiveita hefur ekki fengið tilkynningar um frá notanda eða henni hafi ekki mátt vera rekstartruflunin ljós með öðrum hætti. Upphaf skerðingar reiknast þá frá þeim tíma þegar dreifiveitu var tilkynnt um truflunina.

Tilkynna skal rekstrartruflunina á þar til ætluðu eyðublaði innan 14 daga frá því að truflunin var lagfærð. Tilkynna skal umfangsmikla rekstrartruflun hvort sem hún á upptök sín innan eða utan kerfis veitufyrirtækis.

16.12.2011

Tilvísun: 20111090014

Eyðublað fyrir tilkynningu um umfangsmikla truflun í flutnings- eða dreifikerfi (sjá ennfremur meðfylgjandi skýringarblað).

Veitufyrirtæki:
Dagsetning tilkynningar:
Innri truflun : [] Ytri truflun: [] <i>(setja skal x í viðkomandi reit)</i>
Truflunarstaður:
Dagsetning truflunar:
Tímasetning truflunar:
Alvarleiki truflunar í kerfismínútum [KM]:
Aflskerðing [MW]:
Orkuskerðing [MWh]:
Lengd skerðingar [mín.]:
Fjöldi notenda, sem varð fyrir skerðingu:
Veitukerfishluti sem bilaði:
Spenna veitukerfishluta:
Fylgigögn:
Stutt lýsing á ástæðum fyrir skerðingu, úrbætur eða fyrirhugaðar úrbætur:
Nafn þess sem skráði: